

um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að beina því til utanríkismálanefndar að hún láti fara fram ítarlega úttekt á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, enda hafi nefndin vald til þess að kalla þá fyrir sig, sem hún telur eiga hlut að máli.

Utanríkismálanefnd skal kanna viðskipti félagsins og dótturfyrirtækja þess frá upphafi, umfang viðskipta, verðákvæðanir, ágóða og skiptingu arðs. Þá skal nefndin kanna öll önnur viðskipti við varnarliðið.

Úttektin skal fara fram fyrir opnum fjöldum, þannig að öllum almenningi gefist kostur á að fylgiast með þessari upplýsingaöflun.

Tilgangur úttektarinnar er að kanna, hvort þessum viðskiptum verði komið haganlegar fyrir en nú er og hvort ágóða af þeim verði með öðrum hætti haganlegar og réttlátar skipt en nú er. Talsmaður utanríkismálanefndar skal gefa saminuðu þingi skýrslu að úttektinni lokinni.

### Greinargerð.

Íslenskir aðalverktakar og fyrirtæki í tengslum við þá hafa starfað í aldarfjórðung. Þeir hafa haft einkaleyfi á margháttuðum viðskiptum við varnarliðið. Þessi skipan mála þótti eðlileg á sínum tíma, en þó segir það sig sjálft að margt hefur breyst síðan. Þykir því fyllilega tímabært að gera á því nákvæma úttekt, hvort þessi skipan mála sé ekki orðin úrelt og hvort ekki sé breytinga þörf.

Umræður um Íslenska aðalverktaka hafa á undanförunum árum og áratugum mjög blandast saman við almennar umræður um utanríkismál. Gagnrýnendur þessa reksturs hafa jafnan verið — mjög gjarnan að minnsta kosti — andstæðingar markaðrar stefnu Íslendinga í varnar- og öryggismálum. Af þessum sökum hefur umræða um þessi viðskipti jafnan koðnað niður. Flutningsmenn telja að þessu þurfi að breyta, úttekt á þessum rekstri þurfi að fara fram óháð almennum skoðunum á utanríkismálum. Flutningsmenn eru raunar fylgjendur aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og náinni samstöðu og samvinnu Íslendinga með öðrum lýðræðisþjóðum. En flutningsmenn telja að það sé beinlínis í þágu þessarar samvinnu að öll viðskipti við varnarliðið séu gersamlega hafin yfir allan grun og að allir Íslendingar geri sér ljósa grein fyrir því, hvernig hátti efnahagslegum samskiptum okkar og Bandaríkjana í tengslum við varnarliðið svokallaða.

Þegar úttekt sem þessi skal fara fram á vegum Alþingis skiptir það auðvitað máli, að menn fellu ekki efnisdóma áður en úttektin hefur farið fram. Tilgangurinn er einmitt að afla allra fáanlegra upplýsinga, og á grundvelli þeirra ber síðan Alþingi að taka ákvarðanir um aðra skipan mála, þyki því fengnar upplýsingar gefa tilefni til.

Langvarandi einokun viðskipta býður ævinlega hættum heim og vekur ávallt spurningar. Það er í þágu allra aðila að slíkum spurningum verði svarað. Á grundvelli slíkra upplýsinga er unnt að taka skynsamlegar og réttlátar ákvarðanir. Liggi litlar eða engar upplýsingar fyrir, er slíkt auðvitað vart mögulegt og jafnvel ógerlegt.

Utanríkisráðherra, Benedikt Gröndal, hefur boðað að ráðuneyti hans sé þegar byrjað að láta fara fram endurskoðun á verktakastarfsemi þeirri, sem hér um ræðir. Þessari yfirlýsingu utanríkisráðherra ber mjög að fagna. Það breytir ekki hinu, að upplýsingasöfnun utanríkismálanefndar yrði með öðrum hætti, beindist fremur að því að kanna umsvif þessara fyrirtækja og auka upplýsingastreymi til almennings. Þá yrði upplýsingasöfnun utanríkismálanefndar undirbúningur fyrir hugsanlegar breytingar og löggjöf um starfsemi af þessu tagi.

Flutningsmenn taka skýrt fram, að þeir líta svo á að meiri hluti utanríkismálanefndar hefði heimild til þess að láta fara fram úttekt af þessu tagi, án þess að formlegt samþykki sameinaðs þings kæmi til. Um þetta greinir menn þó, og er er tillagan fram sett til þess að öllum skilyrðum forms sé fylgt.